

GJALDSKRÁ

um sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er 74.360 kr. Sorpgjald frístundahúsa er 23.244 kr., miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 151 kr. fyrir hverja sauðkind, 582 kr. fyrir hvert hross, 801 kr. fyrir hvert svín og 811 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 28. nóvember 2025 er sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit, nr. 1591/2024.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá 2. janúar 2026.

Hörgársveit, 5. janúar 2026.

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 19. janúar 2026